

Reykjavík, 28. ágúst 2007

Efni: Hálfársuppgjör Lánasjóðs sveitarfélaga

Rekstur tímabilsins m.kr.	1H2007	1H2006	2005	2004*	2003*
Hreinar vaxtatekjur	581,1	701,9	684,9	755,6	642,3
Aðrar rekstrartekjur	58,5	38,0	16,2	88,4	38,5
Almennur rekstrarkostnaður	30,4	22,6	51,8	33,1	26,1
Hagnaður tímabilsins	609,2	717,3	649,3	810,9	654,7
Efnahagur í lok tímabils m.kr.	30.06	31.12	31.12	31.12	31.12
	2007	2006	2005	2004	2003
Útlán	35.317,0	31.691,9	22.539,9	14.557,6	12.410,8
Aðrar eignir	3.622,7	2.274,7	1.387,5	519,3	384,4
Langtímaskuldir	26.422,3	22.063,3	13.149,8	5.129,5	3.661,6
Aðrar skuldir	3.049,3	3.044,4	39,4	34,8	32,0
Eigið fé	9.468,1	8.858,9	10.738,1	9.912,5	9.101,6
CAD-hlutfall	112,6%	120,1%			

*) Uppgjör samkvæmt eldri reikningsskilaaðferðum.

Afkoma lánasjóðsins á fyrri hluta ársins 2007 var í samræmi við væntingar og er tekjuafgangur 609 m.kr. á móti 717 m.kr. fyrir sama tímabil fyrra árs. Útlán sem fjármögnuð eru með eigin fé hans eru verðtryggð og hefur minni verðbólga því áhrif á afkomuna til lækkunar. Vextir af þeim lánum voru hækkaðir 1. febrúar sl. úr 4,40% í 4,95%. Ávöxtun á lausu fé var hinsvegar ágæt.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum. Samþykktar lánveitingar á fyrri hluta ársins 2007 voru 3.720 m.kr., en útborguð langtímalán voru 1.489 m.kr. miðað við 3.034 m.kr. á sama tíma 2006. Vegna hárra verðtryggðra vaxta og styrkrar stöðu krónunnar hafa sumir lántakendur frestað langtímalántökum og fjármagnað sig þess í stað til skemmri tíma og hefur lánasjóðurinn í þessu skyni greitt út samtals 3.735 m.kr. sem eru lán til skemmri tíma með breytilegum vöxtum. Vanskil eru óveruleg og hefur sjóðurinn ekki tapað útláni síðan hann hóf starfsemi árið 1967.

Eigið fé í lok tímabilsins var 9.468 m.kr. m.kr. á móti 8.859 m.kr. í árslok 2006. Vegið eiginfjárlutfall, svonefnt CAD-hlutfall, var í lok tímabilsins 112,6%, en þarf að vera 8% skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Sjóðurinn starfar eftir lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 og sem lánafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Sveitarfélögin bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans, en tryggingar fyrir útlánum hans eru í tekjum sveitarfélaga skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006.

Í árslok 2006 voru samþykkt á Alþingi ný lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Lögin gera ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur lánasjóðsins sem taki við rekstri hans að fengnu starfsleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu. Hlutafélagið hefur verið stofnað og hefur það sótt um starfsleyfi sem lánafyrirtæki með sömu starfsheimildir og lánasjóðurinn hefur. Starfsleyfið lá ekki fyrir á uppgjörstigi og hefur yfirtaka hlutafélagsins á rekstri lánasjóðsins því ekki farið fram. Hlutafélagið mun leggja fram ársreikning 2007 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Gert er ráð fyrir að hagnaður lánasjóðsins fyrir árið í heild verði ívið minni en var á árinu 2006, m.a. vegna lægri verðbólgu og lækkunar á eigin fé.

Nánari upplýsingar veitir: Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4900